



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 13. apríl 2016.

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 7. apríl sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breytingar þessar varða breytt fyrirkomulag á úrslitakeppni 1. deildar kvenna og með hvaða hætti félög vinna sér sæti í 1. deild kvenna 2017. Breytingar þessar eru gerðar vegna fækkunar á þátttökuliðum í C riðli 1. deildar kvenna.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ákvörðun stjórnar KSÍ um keppnisfyrirkomulag í 1. deild 2016:

Í 1. deild kvenna skal liðum skipt í þrjú riðla. Í A og B riðlum eru lið af Suður- og Vesturlandi, í C riðli eru lið af Norður- og Austurlandi.

Eftir riðlakeppni fer fram úrslitakeppni átta liða þar sem þrjú efstu lið A og B riðils ásamt tveimur efstu liðum C riðils komast í úrslit. Þar mætast:

8 liða úrslit:

Fyrri leikir: B2-A1, A3-B1, C2-A2, B3-C1

Seinni leikir: A1-B2, B1-A3, A2-C2, C1-B3

Undanúrslit:

Fyrri leikir: C1/B3 – A1/B2, A2/C2-B1/A3

Seinni leikir: A1/B2–C1/B3, B1/A3–A2/C2

Úrslitaleikur:

Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita. Leikið er til þrautar.

Mótanefnd KSÍ ákveður leikstað.

Þau félög sem enda í 1. – 3. sæti í hverjum riðli, ásamt því félagi sem nær betri árangri í 4. sæti í riðlum A og B, leika í 1. deild kvenna 2017, nema þau tvo félög sem flytjast í Pepsi-deild kvenna.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri KSÍ.